

REGLUGERÐ

um notkun gjaldmæla í leigubifreiðum.

1. gr.

Skylt er að hafa gjaldmæli í öllum allt að 8 farþega leigubifreiðum, sem aka fólki gegn borgun á þeim stöðum á landinu, þar sem aðstæður henta að dómi samgönguráðuneytisins.

Lögreglustjórar, hver innan síns umdæmis, skulu hafa eftirlit með að meðferð og notkun gjaldmæla verði í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar.

2. gr.

Óheimilt er að taka gjaldmæli í notkun, eftir að hann hefur verið settur í bifreiðina, fyrr en löggilding hefur farið fram á mælinum, sbr. 11. gr.

Ef skipt er um drif, breytt hjóla- eða hjólbarðastærð bifreiðar, skal endurskoða löggildingu mælisins.

Skoðun á gjaldmælum skal fara fram svo oft sem lögreglustjóra þykir þurfa, þó ekki sjaldnar en einu sinni á ári.

Löggildingarmaður gefur vottorð að löggildingu lokinni. Auðkenna skal mæli með sérstökum skoðunarmiða eftir hverja skoðun, er sýni greinilega mánuð og ár, er skoðun fer fram.

3. gr.

Gjaldmælirinn skal settur þannig í bifreiðina, að farþegar sjái glöggst upphæð ökugjalds á gjaldskífu mælisins og skal mælirinn upplýstur, ef ökuljós bifreiðarinnar eru tendruð.

4. gr.

Gjaldmælar í leigubifreiðum skulu sýna rétt ökugjald.

Ef ekið er með 6—8 farþega í bifreið skal ökugjald vera 25% hærra en mælistaða sýnir.

Ef ekið er á stórhátíðum, þ. e. um jól, páska, hvítasunnun og áramót, sumardaginn fyrsta, 1. maí og 17. júní eftir nánari ákvörðun verðlagsstjóra, skal ekið á næturvinnutaxta að viðbættum 35%. Á stórhátíðum skulu bifreiðastjórar nota verðskrá, er sýni greinilega breytinguna og samin skal af viðkomandi stéttarfélagi og staðfest af verðlagsstjóra.

5. gr.

Gjaldmælar skulu útbúnir með fjórum valkostum til talningar á þeirri vegalengd, sem ekin er:

1. Dagvinnutaxti.
2. Nætur- og helgidagataxti.
3. Dagvinnutaxti, sem telur tvöfalda vegalengd 1. taxta og notaður er fyrir ferðir utan félagssvæðis, ef leigutaki verður þar eftir.
4. Nætur- og helgidagataxti, sem telur tvöfalda vegalengd 2. taxta, að sömu skilyrðum og í 3. taxta fullnægðum.

Jafnhliða því, að vegalengd er talin á framangreindan hátt skulu mælarnir reikna biðgjald og startgjald, sem skal vera hið sama fyrir alla fjóra valkosti mælisins.

6. gr.

Verði verðsveiflur á ökugjaldi bifreiða, skulu gerðar breytingar innan 6 vikna á öllum gjaldmælum í leigubifreiðum, þannig að þeir uppfylli 1. mgr. 4. gr. og skulu þeir auðkenndir með skoðunarmiða eftir breytingu sbr. 4. mgr. 2. gr. Eftir þann tíma er notkun óbreyttra gjaldmæla óheimil.

Á því 6 vikna tímabili, er að framan greinir, skal nota verðskrá, er sýni greinilega verðbreytinguna og samin skal af viðkomandi stéttarfélagi og staðfest af verðlagsstjóra.

Bifreiðastjóri skal afhenda löggildingarmanni verðskrána, eftir að hann hefur löggilt mæli samkvæmt nýrri gjaldskrá.

Verði óverulegar breytingar á ökugjaldi leigubifreiða, er samgönguráðuneytinu heimilt að veita undanþágu til að ekið sé eftir gjaldskrá.

7. gr.

Bifreiðastjóra er heimilt að krefjast fyrirframgreiðslu ökugjalds að hluta að öllu leyti. Á sama hátt getur bifreiðastjóri krafist fullnaðargreiðslu ökugjalds, ef farþegar yfirgefa bifreið.

8. gr.

Heimilt er að aka án gjaldmælis:

1. Ef mælir bilar í ökuferð, enda er bifreiðastjóra einungis heimilt að ljúka ferðinni. Þó getur lögreglustjóri veitt frekari undanþágu, ef sérstaklega stendur á.
 2. Ef ökuferð tekur fleiri en einn dag.
 3. Þegar um er að ræða akstur erlendra ferðamanna, sem ferðast á vegum stofnana í landinu, gegn fargjaldi, sem samið er um áður en farþegarnir eru komnir til landsins.
 4. Hópfærðir gegn ákveðnu sætagjaldi.
- Við tölulið 1, 2 og 4 skal farið eftir gjaldskrá bifreiðastjórafélaganna á hverjum stað og tíma, við ákvörðun ökugjalds.

9. gr.

Samgönguráðuneytið ákveður hverja tegund eða tegundir gjaldmæla skuli nota.

10. gr.

Notkun gjaldflokka gjaldmælisins fer eftir gjaldskrá leigubifreiðastjóra á hverjum tíma. Þegar breyting verður á gjaldskrá, skal það auglýst greinilega, svo að allur almenningur eigi þess kost að fylgjast með breytingunni.

11. gr.

Samgönguráðuneytið skipar löggildingarmann, einn eða fleiri, fyrir mælanu og skal löggildingarmaður framkvæma mælingar á þeim og löggildingunni, svo og viðgerðir, breytingar og innsiglan, gegn gjaldi, er samgönguráðuneytið ákveður.

12. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt VII. kafla umferðarlaga, nr. 40 23. apríl 1968.

Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Sektir fyrir brot renna í rikissjóð.

13. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 86. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 165 21. júlí 1952 með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða:

Leigubifreiðastjórum er heimilt til 15. ágúst 1974 að nota óbreytta mæla, enda verði verðskrá í hverri slíkri bifreið, er sýni greinilega hver er mismunur mælistöðu og raunverulegs gjalds.

Samgönguráðuneytið, 5. maí 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

21. júní 1974.

Nr. 182.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 202 11. sept. 1970, um lánveitingar
húsnæðismálastjórnar úr Byggingarsjóði ríkisins,
með síðari breytingum.**

1. gr.

5. gr. orðist svo:

Ársvextir af lánnum þessum skulu vera 5%. Þau skulu vera afborganalaus fyrsta árið, en endurgreiðast síðan að fullu á 25 árum með jöfnum ársgreiðslum vaxta og afborgana (annuitet). Hækki almennir vextir í landinu er Húsnæðismálastjórn, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, heimilt að hækka þessa vexti frá sama tíma, svo og dráttarvexti af lánnum í samræmi við slíka hækkun. Hvert lán skal vera tryggt með 1. veðrétti í viðkomandi íbúð. Á vexti af lánnum þessum fyrsta árið og af ársgreiðslum af þeim síðar, skal skuldari greiða hlutfallslega viðbót, sem svarar $\frac{3}{10}$ — þremur tíundu — þeirrar hækkunar, er hverju sinni kann að hafa orðið á gildandi vísitölu byggingarkostnaðar frá lántökutíma til hvers gjalddaga árgjald eða greiðsludags, dragist greiðsla fram yfir gjalddaga.

Hagstofa Íslands skráir vísitölu byggingarkostnaðar á grundvelli núgildandi laga um hana nr. 25 frá 24. apríl 1957, samkvæmt nánari ákvörðun hennar. Ef breyting verður gerð á grundvelli vísitölu byggingarkostnaðar, skal nefnd skipuð þremur mönnum koma saman og ákveða, hvernig vísitala samkvæmt nýjum eða breyttum grundvelli skuli tengd núgildandi vísitölu byggingarkostnaðar. Seðlabankinn tilnefnir einn nefndarmann, Hæstiréttur annan, en hagstofustjóri skal vera formaður nefndarinnar. Skulu úrskurðir nefndarinnar vera fullnaðarúrskurðir. Til greiðslu á kostnaði veðdeildar Landsbankans vegna starfa hennar í þágu Byggingarsjóðsins skulu skuldarar árlega greiða sem svarar $\frac{1}{4}$ af lánsfjárhæðinni. Skal gjald þetta reiknað á sama hátt og árlegir vextir, og við það skal lögð hlutfallslega sama vísitöluviðbót og greidd er á ársgreiðslu af láninu hverju sinni.

Heimilt er húsnæðismálastjórn að stytta lánsfmann vegna sérstakra byggingahátta eða takmarkaðs leigutíma lóðarréttinda.